

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir 13.200 kr.

Fyrirtæki:	a) 13.200 kr.	d) 121.000 kr.
	b) 36.300 kr.	e) 236.500 kr.
	c) 66.000 kr.	f) 357.500 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar þann 22. janúar og 12. febrúar 2004.

*Skútustaðahreppi, 20. febrúar 2004.*

**Sigbjörn Gunnarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. janúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Breiðholti. Breytingin felst í því að bæta við lóð syðst í hesthúsahverfinu þar sem áður var óbyggt svæði austan lóðar nr. 11 við Perlugötu.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og óðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 27. febrúar 2004.*

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.